



Reykjavík, 17. september 2024

USK24080107

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 21. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skipulagsyfirlögd setji upp snjallljós við þau gatnamót sem mest á mæðir í Reykjavíkurborg í stað fjögurra stillinga klukkuprógramms sem ekki telst til snjalltækja. Sá vírsegull sem nú er við gatnamót mælir hvorki hraða né umferðarflæði. Vírsegullinn gerir ekki greinarmun á bíl, strætó eða hjóli og getur því ekki talist til snjallljósakerfis. Lagt er til að snjallljós komi í staðinn. Greinargerð fylgir tillögunni.

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Ástandið á gatnamótum víða í Reykjavík er bagalegt. Umferðarteppur myndast vegna tafa sem er vegna úreltrar ljósastýringar.

Miklubraut og Kringlumýrabraut eru þær götur sem eru með mesta umferðarflæði í Reykjavík. Snjallljósastýringarkerfi sem les umferðina og bregst við samkvæmt aðstæðum má finna í öllum borgum í Evrópu. Með snjallljósskýringarkerfi er umferðarflæði betra og eyðsla, mengun og skemmdir á malbiki minni. Ef tafir eru miklar eru bílar sífellt að hægja á sér, nema staðar og taka af stað auk þess sem þeir sitja fastir á rauðu ljósi jafnvel þegar enginn ástæða er til. Meginstaða ljósa hlýtur að vera þannig að græni logar á aðalbraut nema annars sé krafist.

Umferðarflæði er slakt á kafla þessar mestu umferðar gatna í Reykjavík. Afköst eru slök, á meðan flæði er kannski öðru megin eru engir bílar hinum megin. Strætó hefur sérrein sem í raun er varla nauðsynlegt. Það klukkuprógramm sem er við lýði með fjórum stillingum er ekki snjallkerfi og eru bílar á rauðu þegar engin ástæða er til. Það veldur miklum töfum og afkastageta mestu umferðargötu borgarinnar er í mesta lagi 50%. Í raun má segja að öll umferðarljós í Reykjavík séu barn síns tíma. Skipta þarf um þau öll, setja í þau nema sem varpa fram upplýsingum um vegi, ástand þeirra og umhverfi. Þetta ætti ekki að taka langan tíma og kostnaður, rúmur milljarður, myndi fljótlega borga sig upp.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.



Reykjavík



Umsögn:

Þann 2. desember 2020 voru kynntar í skipulags- og samgönguráði niðurstöður úttektarskýrslu sænsku ráðgjafaverkfræðistofunnar Sweco á umferðarljósabúnaði á Íslandi. Niðurstöður þeirrar greiningar leiddu í ljós að núverandi kerfi umferðarljósanna er byggt á nútímalegum viðmiðum og nýjustu tækni sem samræmist kröfum um öryggi og skilvirkni. Vírseglar eru ein tegund skynjara sem notaðar eru í umferðarljósakerfi Reykjavíkur. Áreiðanleiki og gæði gagna vírskynjara eru mjög góð í samanburði við aðrar gerðir skynjara, uppsetning og innkaup á þeim er ódýrt. Það er hægt að mæla hraða ökutækja með vírskynjurum, þar sem 2 skynjarar eru lagðir með stuttu millibili. Vírskynjarar eru því hagkvæm tegund skynjara sem auðvitað eru hluti af flóknu kerfi sem tekur mið af mörgum þáttum, þ.á.m. umferðarflæði og þörfum ólíkra samgöngumáta, þ.m.t. bíla, strætisvagna og reiðhjóla. Tækni í umferðarljósum er í stöðugri endurskoðun og uppfærslu til að tryggja háþröskun á umferðarflæði og lágmörkun á líkum á slysum. Þannig má nefna sem dæmi að eftir uppfærslu á umferðarljósabúnaði á Höfðabakka og Hringbraut verður notast við svokallaða rauntímastýringu á þeim köflum.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

